

Aðalfundur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2015

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ, þann 18. ágúst 2016 og hófst kl. 13:30.

Mættir eru: Hrafn Hlynsson, fyrir hönd hluthafa, Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, Sigrún Árnadóttir, stjórnarmaður, Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2015.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2015.

Hagnaður ársins var kr. 146.630.327,- og niðurstaða efnahagsreiknings Þróunarfélagsins var kr. 9.099.830.470 og niðurstaða samstæðu var kr. 9.108.586.447,-. Ársreikningurinn var lagður fram og var hann staðfestur.

3. Kosning stjórnar.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:
Sigurður Kári Kristjánsson, kt. 090573-3149, Melhaga 16, 107 Reykjavík,
Fjóla Hrund Björnsdóttir, kt. 150588-2789, Þrúðvangi 7, 850 Hellu,
Sigrún Árnadóttir, kt. 271060-7269, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði.

Til vara var kjörinn:

Þórhallur Arason, kt. 250447-3379, Brekkubyggð 26, 210 Garðabæ.

4. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykktu félagsins.

5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var gerð um að greiða ekki arð en greiða alls þrjár milljón króna framlag í varasjóð og að hagnaður ársins yrði fluttur til næsta árs. Það var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2016 að laun formanns verði óbreytt frá fyrra ári kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

7. Önnur mál löglega fram borin.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 14.00.

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.